



Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands - ÍSí, fagnar 100 ára afmæli sínu 28. janúar 2012 en sambandið var stofnað þann dag í Bárubúð árið 1912. Alls mættu 25 fulltrúar frá sjö félögum á stofnfund sambandsins en það voru fulltrúar frá Reykjavíkurfélögunum Glímufélaginu Ármanni, Íþróttafélaginu Kára, Íþróttafélagi Reykjavíkur, Knattspyrnufélaginu Fram, Knattspyrnufélagi Reykjavíkur, Umf. Reykjavíkur og Umf. Íðunni. Að auki var á fundinum lögð fram ósk frá fimm félögum í viðbót að gerast stofnfélagar sambandsins. Það voru félögin Skautafélag Reykjavíkur, Sundfélagið Grettir og Akureyrarfélögin Íþróttafélagið Grettir, Glímufélagið Héðinn og Umf. Akureyrar. Axel Tulinius var kosinn fyrsti forseti ÍSí.

Á afmælisdaginn sjálfan ætlar ÍSí að halda hátíðarfund framkvæmdastjórnar í fundarsalnum Bárubúð í Ráðhúsi Reykjavíkur. Að honum loknum mun ÍSí bjóða boðsgestum til móttöku í Ráðhúsi Reykjavíkur. Á afmælisárinu verða fjölmargir viðburðir á dagskrá, bæði viðburðir sem ÍSí stendur fyrir en einnig viðburðir sem verða skipulagðir af sambandsaðilum ÍSí um land allt eða í samstarfi við sambandsaðila og aðildarfélög þeirra.

ÍSí er síungt samband og framtíðin er björt hjá íslenskri íþróttahreyfingu. ÍSí óskar íþróttahreyfingunni og landsmönnum öllum til hamingju með 100 ára afmælið.